



## Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar

Laugardaginn 11. mars 2017

í fundarsal Barðstrendingafélagsins, Konnakot, Hverfisgötu 105

### Mætt eru:

Kristinn Nikulásson (KN) (Bentshús n.hæð), Heimir Sigurðsson (HS) (Skólahús vestur), Svava Sigurðardóttir (SS) (Eyjólfsbús vestur), Katrín Ingibjörg Barðadóttir (KIB) (Eyjólfsbús - austur), Gylfi Guðmundsson (GG) (Félagshúsi), Jón Þórður Jónsson (JPJ) Myllustöðum, Sigríður Rut Sigurðardóttir (SRS) (Vesturbúðir/Eyjaberg), Björg Aradóttir (BA) (Vesturbúðir/Eyjaberg), Guðmundur Lárusson (GL) (Vogi), Valgeir Gunnarsson (VG) (Eyjaberg/Vesturbúðir), Hörður Gunnarsson (HG) (Vesturbúðir/Eyjaberg), Þór G.V. Ólafsson (ÞGVÓ) (Alheimi), Guðjón Sigurbergsson (GSI) (Alheimi), (Hallbjörn S. Bergmann (HSB) (Bentshús e.hæð), Valdimar Valdimarsson (VV), (Strýta), Albert Páll Sigurðsson (APS), (Klausturhólum), Hilmar Þór Björnsson (HPB) (Myllustöðum), Kristín Ingimarsdóttir (KI) (Sólbakka), Björn Samúelsson (BS) (Fjósakot), Anna S Baldursdóttir (ASB) (Byggðarenda), Daði Heiðar Sigurþórsson (DHS) (Bræðraminni), Baldur Ragnarsson (BR) (Byggðarenda), Guðrún Marta Ársælsdóttir (GMÁ) (Byggðarenda), Örn Björnsson (ÖB) (Vertshús austur), Jóhann Jónsson (JJ) (Vertshús austur), Hilmir Þór Bjarnason (HPB) (Berg), Sigurmar K Albertsson (SKA) Vegamót, Gyða Steinsdóttir (GSt), Gunnar Sveinsson (GSv) (Eyjólfsbús vestur)

### Fundarefni: samkvæmt lögum félagsins

1. Skýrsla stjórnar um störf ársins 2016
2. Reikningar félagsins 2016 lagðir fram til umræðu og samþykktar
3. Fjárhagsáætlun 2017 lögð fram til umræðu og samþykktar
4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins
5. Kosning stjórnar og formanns skv. gr. 3.1.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi annarra félaga
7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey sem óska eftir að gera grein fyrir starfi sínu
8. Önnur mál

Formaður FFF, Gyða Steinsdóttir setti fundi og bauð fundarmenn velkomna. Stungið var upp á Önnu Sigrúnu Baldursdóttir sem fundarstjóra og Gunnari Sveinssyni sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

### 1. Skýrsla stjórnar

GSt, formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar þar sem greint var frá helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu sem hefði verið fjölbreytt og skemmtilegt. Á síðasta aðalfundi gengu tveir úr stjórn vegna tímasetureglu í samþykktum FFF sem voru þau Svava í Eyjólfsbúsi og Hörður í Vesturbúðum. Tveir nýir stjórnarmenn tóku sæti, þau Bylgja úr Byggðarenda og Hilmir úr Bergi. Vetrarhátíð FFF var haldin 12. mars og var í höndum Byggðarenda fólks. Hátíðin var haldin á sama stað og í fyrra og þótti takast með miklum ágætum. Að lokinni hátíð fékk Vogur keflið fyrir næstu Vetrarhátíð sem vildu huga að nýjum stað fyrir Vetrarhátíð og nú í Kópavogi. All nokkur umræða hefur orðið um framkvæmd Vetrarhátíðar innan stjórnar bæði með tilliti til staðsetningar t.d. í Stykkishólmi til reynslu og hvort halda eigi hátíðina árlega. Fráfarandi gjaldkeri FFF (Svava Sigurðardóttir) var fengin í það verkefni að skrá sögu Vetrarhátíðarinnar og vera jafnframt Vogsfólki til trausts og halds við undirbúning 2017. Óskað var eftir umræðu á þessum fundi um Vetrarhátíðina, framkvæmd hennar, staðsetningu og fyrirkomulag.

Stjórnin fjallaði um margvísleg mál og málefni er varða Flatey;

- **Samgöngumál**  
Rætt hefur verið við Vegagerðina (hafnardeild) og Reykhólahrepp um ástand ferjubryggjunnar í Flatey, smábátahöfn sem og sjávarvarnir í Flatey en talið er að framkvæmdir við þessi þrjú verkefni í Flatey hafi mikil samlegðaráhrif. Uppi eru miklar áhyggjur af ástandi bryggjunnar og staðreynd er að Baldur hefur þurft að fella niður ferðir í vetur vegna lélegs ástands hennar.
- **Stígagerð**  
Unnið hefur verið ötullega að stígagerð í Flatey á síðasta ári og gerð áfangastaða. Ástand stíga mun verða skoðað nú í vor og farið í áframhald framkvæmda. Samið hefur verið við einstakling á Akranesi um smíði bekkja og borða úr rekaviði til uppsetningar á áfangastöðum nú í vor.
- **Hreinsunardagar**  
Haldin var árlegur hreinsunardagur í byrjun sumars sem tókst með miklum ágætum og mikilli þátttöku. Grillaðar voru pylsur í lok dags og mikil gleði og samhugur ríkjandi.
- **Námskeið í skyndihjálpi**  
Haldið var námskeið í skyndihjálpi í lok júní mánaðar og var Einar Grant fengin til að kenna og sýna rétt viðbrögð og meðferð sjúkra- og hjálpartækja í skyndihjálpi.
- **Skemmtiferðaskip til Flateyjar**  
Ánægjulegt er að lítil skemmtiferðaskip eru farin að venja komur sínar til Flateyjar og samkomulag hefur tekist milli FFF og umboðsaðila (útgerð) þessara skipa að leggja ákveðna upphæð til stígagerðar í Flatey. Samskip hafa jafnframt lýst yfir vilja að koma að fjármögnum stígagerðar í Flatey næsta sumar.
- **Hátíðardagar í Flatey (Flateyjardagar hinir nýju)**  
Haldinn var frábær hátíðardagur fyrsta laugardag eftir verslunarmannahelgi sama dag og hátíðarmessa var í Flateyjarkirkju en Reykhólahreppur styrki þennan dag með góðu framlagi. Hátíðardagur þessi mæltist afar vel fyrir meðal Flateyinga, húseigenda og gesti og gangandi í Flatey. Eftt var til bingó, ratleiks, andlitsmálunar fyrir smáfólkið og harmóníkuleikari lék af fingrum fram í góða veðrinu. Almenn ánægja og verður þessi dagur vissulega endurtekinn næsta sumar.
- **Sveitarstjórnarmál**  
Sveitarstjórn Reykhólahrepp ákvað að halda opin fund með Flateyingum og húseigendum í Flatey í lok júní mánaðar. Á þennan fund mættu fulltrúar úr sveitarstjórn Reykhólahrepps, sveitarstjóri sem og frá brunavörnum hreppsins og okkar nýi prestur sat fundinn. Fundurinn þótti takast vel og almenn og góð umræða um málefni Flateyjar varð.
- **Dreifbýlisnefnd**  
Samhliða ofangreindum fundi hélt Dreifbýlisnefnd fund sinn í Flatey en nefndin hefur m.a. það hlutverk að vera fulltrúi íbúa á jaðarsvæðum sveitarfélagsins. FFF hefur reglulega samband við fulltrúa Flateyjar í nefndinni sem eru þau Guðrún Marta og Baldur í Byggðarenda. Nánar verður sagt frá starfsemi nefndarinnar hér síðar á fundinum.
- **Verndarsvæði í byggð**  
Reykhólahreppur og FFF sótti um styrk til þessa verkefnis fyrir Þorpið í Flatey til Minjastofnunar og fékk úthlutað 4,8 millj. Fulltrúar Flateyjar í þessari samstarfsnefnd um verkefnið eru Valdimar í Strýtu, Gyða í Sunnuhvoli og Kristín í Sólbakka. Verkefnið er að kortleggja sérstöðu Þorpsins í Flatey, skrasetja, ræða við íbúa Flateyjar og húseigendur og stuðla að varðveislu þessara einstöku þjóðarverðmæta.

GS lauk máli sínu með því að segja frá störfum stjórnar FFF á árinu sem hefur verið einstaklega ánægjuleg. Stjórnarfundir hafa verið haldnir á ýmsum stöðum á Vesturlandi og suðvestur horninu s.s. Akranesi, Stykkishólmi og í Reykjavík. Óskað var eftir ábendingum og upplýsingum frá hinum almenna félagsmanni til stjórnar og jafnframt var bent á Facebook síðu FFF og heimasíðu og menn hvattir til að ræða þessi málefni á fundinum hér á eftir.

## 2. Reikningar félagsins lagðir fram

DHS, gjaldkeri félagsins lagði fram og skýrði reikninga félagsins og einstaka liði þeirra. Samtals voru tekjur félagsins **1,39 millj** þ.a. námu félagsgjöld 310 þús, aðgangseyrir Vetrarhátíðar 710 þús, tekjur frá skemmtiferðaskipum 314 þús sem er nýr tekjuliður og innkoma frá Flateyjarðögum 57 þús. þ.a. 50 þús. styrkur frá Reykhólahreppi. DHS vildi koma á framfæri þakklæti til hinna ýmsu fyrirtækja sem lögðu Flateyjarðögum lið með margvíslegu framlagi. Rekstargjöld voru samtals tæplega **1,3 millj** þ.a. var kostnaður við Vetrarhátíð 789 þús, kostnaður við stígagerð 423 þús og aðrir liðir samtals 95 þús frá 1–31 þús. Hagnaður var 93,6 þús. Eignir félagsins eru **1,44 millj** aðallega inneign á bankareikningi en ógreidd félagsgjöld eru 310 þús (fyrir árið 2016) Skuldir eru engar. DHS skýrði enn fremur frá að bókhaldslegt tap hefði verið tæplega 20 þús af Vetrarhátíð en í reynd að sögn SS fv gjaldkera væri hagnaður af hátíðinni þar sem all nokkuð af auðseljanlegum drykkjarvörum eru enn óseldar fyrir næstu Vetrarhátíð. Reikningar félagsins eru endurskoðaðir og undirritaðar af kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins þeim Katrínu Baldvinsdóttir, Eyjólfshúsi og Kristni Nikulássyni, Bentshúsi.

*Í umræðu um ársreikninga FFF kom m.a. fram. GL hvatti fundargesti og alla er tengjast Flatey að sækja Vetrarhátíðina um kvöldið og spurði hvernig fara skyldi með tap sem hugsanlega yrði af Vetrarhátíð. Varla gæti það verið hlutverk framkvæmdaaðila hátíðarinnar hverju sinni að bera slíkt tap. HS benti á að ef hugsanlegt tap yrði þá myndi Framfarafélagið óhjákvæmilega bera það tap og sagan sýndi að Vetrarhátíðin hefur undanfarin ár nánast verið á núlli og þar með ekki fjárhagslegur baggi fyrir FFF. Fundarmenn tóku undir þessa skoðun enda hátíðin í nafni FFF og er uppskeruhátíð Flateyjarsamfélagsins og vel að henni staðið í hvívetna. Var þessari skoðun fundarmanna vísað til stjórnar FFF til að hnykkja á um þessa ábyrgð FFF.*

## 3. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjald fyrir næsta starfsár

DHS, gjaldkeri félagsins kynnti og fór yfir fjárhagsáætlun FFF en þar er gert ráð fyrir óbreyttum árgjöldum að upphæð 310 þús. tekjum af skemmtiferðaskipum 400 þús en samtals eru tekjur 715 þús. Rekstrargjöld eru áætluð 669 þús og þar af 500 þús í stígaframkvæmdir. Áætlaður hagnaður er því 46 þús. Lagt er til að félagsgjöld verði óbreytt frá síðasta ári eða kr. 10.000.- p/hús. Í umræðum fjárhagsáætlun var hnykk á umræðu frá síðasta aðalfundi um hagstæðustu ávöxtun á bankainnistæðum FFF. Mun gjaldkeri taka þetta til betri vegar.

*Í lokaumræðu um ársreikninga og fjárhagsáætlun sagði formaður FFF (GSt) örlítið frá fyrirhuguðum framkvæmdum á vegum félagsins s.s. lok stígaframkvæmda og uppsetningu borða og bekkjavið áfangastaði. Ráðgert er að setja upp á áfangastað við kirkju borð og bekki. Athyglinni verður beint að viðhaldi og hreinsun göngustíga og hugað að kirkjugarðinum. APS greindi frá þeirri uppbyggingu leiða í kirkjugarði sem hann og Myllustaðabændur hafa komið að. BS spurðist fyrir um hvort sótt hafi verið um styrki í Samfélagssjóð sem OV hefur til umráða. HS minnti á að styrkir hafi fengist frá Framkvæmdasjóði ferðamála til stígagerðar í Flatey en þar er ætíð krafist mótframlags frá styrkþegum.*

Ársreikningur 2016, fjárhagsáætlun 2017 og tillaga um óbreytt félagsgjöld voru síðan samþykkt samhljóða.

## 4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins

Ekki komu fram neinar tillögur undir þessum lið.

## 5. Kosning stjórnar og formanns

GSt greindi frá því að allir í stjórn Framfarafélagsins gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Stjórnin var samþykkt með dyngjandi lófaklappi fundargesta.

Stjórn FFF skipa;  
Gyða Steinsdóttir, Sunnuhvoli formaður  
Bylgja Baldursdóttir, Byggðarenda varaformaður  
Daði Heiðar Sigurþórsson, Bræðraminni, gjaldkeri  
Kristín S. Ingimarsdóttir, Sólbakka, stjórnarmaður  
Hilmir Þór Bjarnason, Bergi, stjórnarmaður

## 6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Stungið upp á áframhaldandi störfum Katrínu Baldvinsdóttir og Kristinn Nikulásson við endurskoðun og áritun reikninga félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

GSt þakkaði fyrir hönd stjórnar kjörið en minnti jafnframt á að á næsta aðalfundi muni Kristín S. Ingimarsdóttir ganga úr stjórn vegna ákvæði samþykka FFF um tímalengd stjórnarsetu. Hvatti fundarmenn eindregið að huga að þessu m.t.t. setu í stjórn FFF.

## 7. Skýrslur annara félaga eða nefnda tengdum Flatey

### 1. Kirkjustjórn/sóknarnefnd og fjáröflunarnefnd Flateyarkirkju

GSv greindi frá verkum og störfum í tengslum við Flateyarkirkju og fjáröflunarnefnd kirkjunnar á síðasta ári. Sagðist hann styðjast við þá greinagerð sem send var til allra í Flateyjarsamfélaginu á póstlista í síðasta mánuði. Megin atriði starfseminnar voru eftirfarandi;

- **Óvelkomin heimsókn í Flateyarkirkju**  
Í maí mánuði í fyrra varð kirkjan fyrir því, að ferðamaður hafði næturdvöl í kirkjunni þar sem hann gekk afar illa um, fór óvarlega með eld og launaði síðan næturgreiðan með því að stela úr söfnunarbauknum. Eðlilega kom þetta mjög illa við alla en reynt var að læra af þessu slæma atviki með endurbótum og fyrirbyggjandi aðgerðum í kjölfarið. Settur var upp tímastilltur opunar- og lokunarbúnaðar á kirkjudyr, keyptur var eldtraustur öryggisskápur fyrir verðmæti kirkjunnar, eldvarnir efldar og vatn leitt í kirkju um dreifikerfi FV. Komið á fót sjálfboðaliðshópi úr hópi húseigenda í Flatey til að sjá um kirkjuna viku í senn og skipulagi komið á þrif og krafa sett á ferðamenn að setja upp einnota plasthlífar á skó sína við inngöngu í Guðshúsið. Allt þetta stuðlaði að góðri umgengni um kirkju allt síðasta sumar og voru eftirmálar þessa máls tekið upp af biskupi á kirkjuþingi s.l. haust.
- **Ýmsar framkvæmdir við Flateyarkirkju**  
Fyrir utan ofangreindar framkvæmdir var farið í að endurnýja rafmagnslagnir í kirkju. Settur var upp nýr söfnunarbaukur sem gefinn var til kirkjunnar að tilstuðlan Baltasar og konu hans Kristjönu. Til stendur að setja upp þvottavask og hitakút í kyndiklefa kirkjunnar næsta vor til að auðvelda öll þrif og ræstingu. Jafnframt stendur til að setja upp látlausa og fallega girðingu við kirkjuna til að varna því að sauðfé leggist að skuggsælum stöðum við kirkju með tilheyrandi óþrifum inn í kirkju.
- **Áframhald leiðislagfæringa í kirkjugarði**  
Ánægjulegt er að sjá að nokkrir framkvæmdasamir aðilar úr Klausturhólum, Myllustöðum og úr Skáleyjum hafa verið að byggja upp og lagfæra leiði forfeðra sinna (Brynjúlfs Bogasonar Bendiktssen og Eyjólfssonar Einarssonar eyjararls) sem og unnið að merkingu leiða nokkurra Skáleyinga. Eru þessi verk til fyrirmyndar og vonir standa til að fleiri fylgi í kjölfarið enda er Flateyarkirkjugarður talinn með þeim merkustu hér á landi.
- **Góður félagi og vinur fellur frá**  
Það var okkur öllum í Flateyjarsamfélaginu mikið áfall þegar okkar góði vinur, félagi og frumkvöðull Guðmundur Stefánsson féll frá í nóvember. Framlag hans og dugnaður í verkum sínum fyrir Flateyarkirkju var einstakt enda Guðmundur ótrúlega frjór í verkum sínum ekki aðeins fyrir fjáröflunarnefnd kirkjunnar, móttöku skemmtiferðaskipa til Flateyjar, árlegum

dósaferðum, aðkomu að útgáfumálum og kynningarstörfum sem og áberandi merktarmaður í Flateyjarsamfélaginu. Hans er sárt saknað.

- **Messa fyrsta laugardag eftir Verslunarmannahelgi**

Samkvæmt venju var haldin messa í Flateyjarkirkju fyrsta laugardag eftir Verslunarmannahelgi. Messa þessi var ekki aðeins fyrsta messa okkar nýskipaða prests sr Hildar Björk Hörpudóttir í Flateyjarkirkju heldur einnig hátíðarmessa í tilefni 90 ára afmælis kirkjunnar 19. desember 2016. Þennan sama daga voru Flateyjardagar endurvaktir með pomp og prakt og mikið gert fyrir smáfólkið í Flatey allan daginn. Þessi dagur þótti takast með miklum ágætum. Falleg ferming var í Flateyjarkirkju 19. júní þar sem Filippía Jónsdóttir, dóttir þeirra Önnu Sigrúnar og Jóns Þórs í Byggðarenda var tekin í fullorðins manna tölu.

Ýmsir aðrir menningarlegir viðburðir voru í kirkjunni um sumarið s.s. tónleikar hljómsveitarinnar Public Space 15. júlí, Leiló bauð öllum í Flatey á tónleika í kirkjunni 5. júlí og 30. júlí héldu okkar hugljúfu auðfúsugestir í sönghópnum Olgu eftirminnilega tónleika í kirkjunni. Það er von okkar að slíkir menningarviðburðir verði sem flestir í Flateyjarkirkju.

- **Móttaka skemmtiferðaskipa til Flateyjar til fjáröflunar fyrir kirkjuna**

Á undanförunum árum hafa sjálfboðaliðar úr hópi velunnara kirkjunnar staðið að móttöku skemmtiferðaskipa til Flateyjar. Farið er með hópa úr þessum skipum í ferð um eyjuna með leiðsögn, kirkjan skoðuð og ýmislegt gert til að gera þeim dvölin sem eftirminnilegust. Skipafjöldin hefur verið frá einu upp í fjögur skip á sumri hverju og hafa allar tekjur af þessu verkefni runnið til Flateyjarkirkju. Þrjú skip höfðu tilkynnt sig síðastliðið sumar er tvö þurftu að aflýsa komu vegna veðurs en eitt kom og fékk afburða móttökur. Á næsta sumri hafa þegar tvö skip tilkynnt komu sína.

- **Fjárhagsleg staða Flateyjarkirkju og menningarlegt hlutverk**

Fjárhagsleg staða kirkjunnar er góð og á hún all nokkrar milljónir í sjóðum sínum. Þessari góðu stöðu er ekki síst að þakka framúrskarandi hópi velunnara kirkjunnar og ötulli vinnu við fjáröflun, viðhaldi, umsjón og ekki síst góðum hug til Flateyjarkirkju. Fyrir allt þetta vill kirkjustjórn og sóknarnefnd þakka af heilum hug.

Markvisst hefur verið unnið að efla menningarhlutverk kirkjunnar með margvíslegum viðburðum. Sönghópar, hljómsveitir, kirkjukórar og tónlistarmenn hafa haldið tónleika í kirkjunni á undanförunum árum og orgelsjóður kirkjunnar sem stofnaður var til minningar um Sigríði Ólafsdóttir úr Svefneyjum mun án efa stuðla að þessari góðu vegferð. Allt tónlistasinnað fólk úr hópi Flateyjarsamfélagsins er hvatt til að koma til liðs við „kirkjuna okkar“ í þessu tilliti.

- **Uppbygging söfnunarlundar**

Í lok skýrslu kirkjunnar greindi GSV frá hugmyndum um að byggja upp söfnunarkassa fjáröflunarnefndar fyrir einnota drykkjarlát, dósir og flöskur. Hilmar arkitekt á Myllustöðum hefur þegar teiknað upp fallegan, umhverfisvænan söfnunarlund sem ramar þessa dósasöfnun fallega í umhverfið og tekur lundurinn mið dæluhöll vatnsveitunnar í útliti. Um er að ræða uppbyggðan grasivaxinn, steinhlaðinn moldargarð með timburverki að innan. Vel hefur verið hugað að allri aðkomu bæði fyrir þá sem eru að skila af sér dósum og glerjum sem og fyrir þá sem vinna við að tæma og ganga um söfnunarlundinn. Einnig er hugsað um aðkomu traktors til að fjarlægja hin fullu glerflöskuker og söfnunarnet. Ráðgert er að hefja framkvæmdir seinni hluta maí mánaðar og ljúka framkvæmdum á tveimur helgum. Sótt hefur verið um leyfi til skipulagsnefndar Reykhólahrepps og teikningum hefur verið skilað inn. Hinir vösku „dósakarlar“ hafa bundist samtökum að ljúka þessari framkvæmd í minningu Guðmundar Stefánssonar á Myllustöðum.

Þegar nokkuð var liðið á lestur GSV á skýrslu kirkjunnar læddi Heimir Sigurðsson út úr sér þessari yndislegu setningu „Gunnar, heldur þú að við komumst á Vetrarhátíðina nú í kvöld“

## 2. Dreifbýlisnefnd og störf hennar

GMÁ greindi frá störfum dreifbýlisnefndar sem tók til starfa árið 2016. Fimm fundir voru haldnir í nefndinni en hún heyrir beint undir sveitarstjórn Reykhólahrepps. Margvísleg mál er varðar Flatey hafa komið þar til umræðu:

- Skemma undir tæki brunavarna í Flatey er í bígerð en Magnús í Krákuvör hefur verið í viðræðum við sveitarstjórn um byggingu hennar.
- Frárennismál m.a. frá Ráðagerði hafa borið á góma.
- Fjölmargir fundir með sveitarstjórn Reykhólahrepps varðandi málefni „*jaðarsvæða sveitarfélagsins*“ hafa verið haldnir.
- Stuðlað var að heimsókn og vinnu skólakrakka og unglinga til að taka til hendinni eina helgi s.l. sumar en ákveðið hefur verið að auglýsa á nýjan leik eftir starfsmanni sem hefur dvöl í Flatey til að sinna tilfallandi verkefnum í þágu Flateyjarsamfélagsins.
- Stefnt er að fundi sveitarstjórnar og dreifbýlisnefndar með Flateyjarsamfélaginu í byrjun næsta sumars en viðlíka fundur var haldinn í lok júní mánaðar s.l. sumar og þótti takast vel.
- Upplýst var að svo nefndur „*sprengiskúr*“ er staðið hefur upp af bryggjunni við Tröllenda hefði verið fjarlægður og allt rusl og drasl verið fjarlæggt. Til stendur að byggja atvinnuhús á þessari lóð eins og auglýst hefur verið.
- Hvatti GMÁ fundargesti og alla í Flatey að koma málum og upplýsingum á framfæri til nefndarinnar og minnti jafnframt á fundargerðir nefndarinnar sem eru á heimasíðu Reykhólahrepps.
- Stefnt er að fundi samgönguráðherra og Vegagerðarinnar með fulltrúum sveitarstjórnar, dreifbýlisnefndar og Framfarafélagi Flateyjar á næstunni til ræða samgöngumál og ástand bryggjunnar í Flatey.

• Í umræðu í kjölfar þessara tveggja skýrsla kom m.a. fram:

HS benti á að komið væri að viðhaldi og lagfæringu á göngustígum eyjarinnar og fagnaði komu skólakrakkana til Flatey s.l. sumar og sagðist binda miklar vonir við hinn væntanlega starfsmann í þessum efnum. HG minnti á umræðuna um flutning stjórnýslu Flateyjar frá Reykhólahrepps til Stykkishólms og taldi að þessi mikla umræða á síðasta ári hefði skilað sér í mörgum góðum verkum Reykhólahrepps til Flateyjar og hugur sveitarstjórnar hefði verið skilningsríkur á málum Flateyjar að undanförunu og tvímælalaust hefði „*samningsstaða*“ Flateyjar verið betri eftir þessa góðu umræðu. Í framhaldi spunnust allnokkrar umræður um hugsanlega „*sameiningu*“ Reykhólahrepps við Standir og Dali. Allar þreifingar í þá átt eru undir flaggi „*samvinnu án sameiningar*“ minnti GSt á og benti jafnframt á þreifingar í sömu átt hjá Stykkishólmsbæ til Helgafellssveitar og Grundarfjarðar.

All miklar umræður urðu um frárennismál í Flatey og bent var að skýrsluna „*Frárennismál í Flatey*“ sem tekin var saman í febrúar 2012 þó tiltölulega lítið hefði áunnist í þessum efnum síðan. GL sagði frá verkum við þá rotþró sem staðsett er í miðju Þorpinu sem er barn síns tíma en er fyrsta rotþró sem sett var niður í Flatey. Taldi hann að gera þyrfti bragarbót á þessari „*öldnu*“ rotþró og hugsanlega færa hana til betri vegar eða staðar. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram m.a. í samvinnu við Minjavernd.

BS gerði skýrslu um fornleifaskráningar í Flatey að umræðuefni enda skýrslan ný komin út. Félagið, Fornleifafélag Dala og Barðstrendinga sem hefur staðið að margvíslegum forminjaathugunum og skráningum m.a. í Oddbjarnaskeri, Hergilsey, Skáleyjum, Öxney og nú í Flatey en félagið er 10 ára um þessar mundir. Dreifði BS skýrslunni til skoðunar en hún hefur verið tiltæk á póstlista Flateyjarsamfélagsins til skamms tíma. Fundarmenn þokkuðu fyrir þessa viðamiklu skýrslu og fram kom að sérstök kynning á skýrslunni og niðurstöðum hennar er fyrirhuguð í Flatey næsta sumar. Í lok þessarar umræðu þakkaði fundarstjóri fyrir þessa góðu skýrslu sem og skýrslu um Flateyjarkirkju og dreifbýlisnefnd.

## 8. Önnur mál

### Heimasíða Framfarafélags Flateyjar

GSv gerði að umtalsefni heimasíðu FFF sem hann taldi að mætti muna fífil sinn fegurri. Tiltölulega lítið af efni hefi verið sett inn á síðuna á síðasta ári og í samanburði við síðu Reykhólahrepps væri það ekki nema svipur hjá sjón. Vildi hann veg heimasíðu FFF meiri og lagði fram eftirfarandi tillögu til stjórnar Framfarafélags Flateyjar:

#### *Áskorun til stjórnar Framfarafélags Flateyja*

Undirritaður óskar eftir því að stjórn Framfarafélags Flateyjar kanni hvort gerlegt og mögulegt sé að auka vægi og upplýsingamiðlun með heimasíðu Framfarafélagsins. Á síðasta ári voru eingöngu settar inn 12 fréttir á heimasíðuna eða að meðaltali ein frétt í mánuði. Til samanburðar má geta þess að inn á Reykhólavefinn, heimasíðu Reykhólahrepps voru settar 687 fréttir eða tvær fréttir á dag.

Það var með mikilli elju og þrautseigju nokkurra einstaklinga þ.m.t. undirritaður að fyrir tíu árum var sett í loftið heimasíða fyrir Flatey sem Framfarafélagið stóð fyrir. Gríðarleg undirbúningsvinna var innt af hendi af þessu fólki í sjálfboðaliðsvinnu í mörg ár. Síðan fylgdi Heimir Sigurðsson þessari vinnu eftir með miklum sóma í nokkur ár þar til stjórn og ritnefnd FFF tók við keflinu. Greið og mikil upplýsingarmiðlun er nauðsynleg öllum félögum og þrátt fyrir mikinn framgang annara rafrænna miðla s.s. Facebook, Twitter o.s.frv. eru heimasíður félaga, stofnana og sveitarfélaga ætíð undirstaða undir upplýsingamiðlun, geymslu upplýsinga, heimilda, laga og reglna ásamt sögu viðkomandi félagasamtaka og svæða ásamt myndum úr félagsstarfi, sögu félaga og viðkomandi umhverfis. Það að geta sótt þessi gögn og haft aðgang að þeim reglulega og öllum stundum er afar mikilvægt fyrir Flateyjarsamfélagið. Afar mikilvægt er því að hlúa vel að heimasíðu Framfarafélagsins með framgang samfélagsins í Flatey í huga. Vil ég nefna eftirfarandi leiðir til að efla heimasíðu Framfarafélags Flateyjar;

1. Leitað verði til einstaklinga innan Flateyjarsamfélagsins sem treysta sér að sitja í ritnefnd, skrifa reglulega fréttir og eða greinar sem og upplýsingar inn á heimasíðuna.
2. Kannað verði hvort einhver aðili innan eða utan Flateyjarsamfélagsins vilji taka að sér umsjón og rekstur heimasíðu FFF. Leitað verði leiða til að fjármagna slíka vinnu enda er gert ráð fyrir að slíkur aðili myndi verja all miklum tíma í þetta verkefni. Slíkt fjármagn gæti hugsanlega komið frá hagsmunafélögum Flateyjar eða fyrirtækjum og stofnunum sem standa Flatey nærri. Gera má ráð fyrir að umsjónaraðili síðunnar myndi afla tekna af auglýsingum og kynningu inn á heimasíðuna og myndi ákveðið hlutfall tekna renna til umsjónarmanns.
3. Jafnframt verði kannað hvort fýsileg sé samvinna um rekstur heimasíðunnar með öðrum aðilum er halda úti sambærilegum heimasíðum t.d. Reykhólahreppur, Stykkishólmsbær, Barðstrendingafélagið, Breiðfirðingafélagið eða aðrir aðilar við Breiðafjörð.
4. Stefnt skuli að því að setja að lágmarki tíu fréttir inn á heimasíðuna í mánuði hverjum ásamt upplýsingum frá hagsmunafélögum Flateyjarsamfélagsins. Jafnframt skal aflað áhugaverða upplýsinga, greina, greinagerða, skýrslna og annara gagna sem vistaðar verða á heimasíðu Framfarafélags Flateyjar með aðgengilegum hætti.

Gunnar Sveinsson  
Eyjólfsbúsi, Flatey

### Verndarsvæði í byggð

GSt skýrði frá því að skipuður hefði verið starfshópur vegna „Verndarsvæðis í byggð Flateyjar“ og í honum sitja Gyða Steinsdóttir, Kristín S. Ingimarsdóttir og Valdimar Valdimarsson. Fram hafa komið hugmyndir um launaðan starfsmann til að starfa með starfshópnum.

### Veðurstöð í Flatey

DHS skýrði frá því að sett hefði verið upp endurbætt veðurstöð í mastrið á Tröllenda og tengist stöðin í gegnum fjarnet FV í Tröllendatangarhúsi. Settur verður upp sérstakur „gluggi“ á heimasíðu FFF þannig að fólk gæti öllum stundum fylgst með veðrinu í Flatey. Stefnt er jafnframt að setja upp vefmyndavél í Flatey og verður hún sömuleiðis tengd heimasíðu FFF með sérstökum glugga á síðunni.

### Skiltið á Lundabergi og hættusvæði í Flatey

VV benti á að skiltið á Lundabergi sýndi „snarvitlausa“ fjallasýn frá Flatey séð. Rétt væri að leiðrétta þessa vitlesu ef farið verður í endurnýjun á þessu skilti.

Steinbrúin upp af Þýskuvör er hrein slysagildra. Bæði er þessi „forna“ steinbrú barns síns tíma bæði mjó og með engum hliðarvörnum né merkingum. Þegar hafa „umferðarslys“ orðið á þessari brú þegar traktorar hafa út af henni í náttmyrkri og slæmum veðrum. Nauðsynlegt er að gera bragarbót á þessari slysagildru.

Að lokum og að gefnu tilefni vildi VV greina frá því að nýjávöxtur umhverfis Strýtu á umliðnum árum hefur farið snarminnkandi enda greinilega hart í ári fyrir blessaðan nýjólann en þau hjón í Strýtu nota gjarnan kál hans til matargerðar. Var bent á að nýjöllinn virðist dafna vel í brekkunni undan kirkjugarðinum til austurs þar sem reynt hefur verið að hindra framgang hans án teljandi árangurs.

### Ferjubryggjan í Flatey

Miklar umræður urðu um dapurlegt ástand ferjubryggjunnar í Flatey. Bæði er gamli hluti hennar „að hrúni komin“, tengingar við steinkantinn að bresta, undirstöður og hliðarsperrur að gefa sig þannig að hættulegt er þegar hið þunga skip Baldur „keyrir í springinn“ við komu til Flateyjar. Sagt var frá nokkrum dæmum um að Baldur hefði ekki treyst sér að koma við í Flatey í vondum veðrum. Einna sárast var það þegar íbúar Flateyjar er vildu fara í jarðarför Sigríðar Pálsdóttir í síðasta mánuði en Baldur treysti sér ekki að leggjast að.

Fram kom að fulltrúar FFF hafa haldið fundi með sveitarstjórn Reykhólahrepps um málið og einnig rætt ástand bryggjunnar við þingmenn kjördæmisins. KN sagði frá heimsókn Rob Kamsma, verkefnastjóra hafnadeildar Vegagerðarinnar til Flateyjar s.l. haust þar sem gerð var úttekt á ástandi bryggjunnar, farið undir hana og hún mynduð í bak og fyrir, rætt við ábúendur Flateyjar og áhafnameðlima Baldurs. Jafnhliða voru skoðuð tvö önnur verkefni sem tengjast þessari bryggjuviðgerð þ.a. gerð smábátahafnar austan við frystihúsið (þaðan sem mikið grjót mun koma upp til nota) og sjóvarnir í Flatey enda samlegðaráhrif þessar þriggja framkvæmda gífurlega mikil. Í kjölfar þessara heimsóknar skrifaði Rob skýrslu (minnisblað) til yfirmanna Vegagerðarinnar um þessi mál en þrátt fyrir að nú séu sjö mánuðir frá skil skýrslunnar hefur ekkert gerst í málum bryggjunnar. HG sagði að hér væri um stórkostlegt hagsmunamál Flateyjar að ræða sem þyldi enga bið enda nú þegar mikil slyshætta af og að ábyrgð stjórnvalda væri mikil ef til stórslyss kæmi.

Stjórn FFF lagði fram drög að ályktun um þessi mál til sendingar til sveitarstjórnar Reykhólahrepps, Vegagerðarinnar og yfirstjórnar bryggjumála í Samgönguráðuneytinu. Stjórninni var falið að fullvinna þessa ályktun og senda þar til bærum yfirvöldum eins fljótt og mögulegt er enda vandinn brýnn.

Að þessum orðum sögðum var dagskrá fundar tæmd og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og upplýsandi. Minnti á að Vetrarhátíð FFF sem hæfist stundvíslega kl 19:00 um kvöldið.